



## SAMRÁÐSGÁTT

Múlaþingi, 26. maí 2021  
Vegna málsnúmer 202105241

### Umsögn Múlaþings við Hvítbók um byggðamál – 115/2021. mál.

Byggðaráð Múlaþings fagnar þeim metnaðarfullu áherslum er koma fram í Hvítbók um byggðamál – Drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaráætlun til fimm ára.


Byggðaráð Múlaþings gerir þó athugasemdir við að í aðgerðaráætlun til fimm ára skuli ekki vera gert ráð fyrir frekari aðgerðum varðandi annars vegar það með hvaða hætti verði tryggðir fjármunir til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða um land allt og hins vegar hvernig verði stutt við uppbyggingu nýrra fluggátta til landsins og þannig stuðlað að jafnari dreifingu ferðamanna um landið.

Byggðaráð Múlaþings mótmælir því harðlega þeim áformum sem koma fram í Hvítbók um byggðamál um að aðgerð varðandi jöfnun á aðstöðumun á millilandaflugvöllum, B.10 samkvæmt núgildandi áætlun, falli út.

Eins og ítrekað hefur komið fram á samstarfsvettvangi sveitarfélaga á Austurlandi sem og í bókunum sveitarstjórna á svæðinu þá er nú enn einu sinni vakin athygli á mikilvægi þess að brugðist verði við óskum um jöfnun eldsneytisverðs þannig að Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur verði raunhæfir valkostir fyrir millilandaflug. Samkvæmt faglegri úttekt er unnin var á vegum Austurbrúar og miðar við selt magn flugvélaeldsneytis á flugvöllum fjórum í Keflavík, Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum á árinu 2017 og listaverð Skeljungs á flugvélaeldsneyti í desember 2018 mun slíkt leiða til lækkunar eldsneytisverðs á Egilsstaðaflugvelli um 22,1 kr./l, á Akureyrflugvelli um 11,5 kr./l og til hækkunar á Keflavík - og Reykjavíkflugvelli um 0,02 kr./l. Af framangreindu má ljóst vera að kostnaðaráhrif vegna þessa á flug um Keflavík - og Reykjavíkflugvöll eru óveruleg en hvað hina flugvellina tvo varðar skiptir þetta verulegu máli.

Byggðaráð Múlaþings leggur áherslu á að fram komi í fimm ára aðgerðaráætlun hvernig brugðist verði við varðandi uppbyggingu nýrra fluggátta til landsins sem og hvernig fjármunir til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða verði tryggðir.

F.h. Múlaþings

  
Björn Ingimarsson  
sveitarstjóri  
MÚLAÞINGIS

Múlaþing  
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is